



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Fjárlaganefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjanesbær, 15. maí 2024

Umsögn Lögreglustjórans á Suðurnesjum um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Þingskjal 1501 – 1035 mál. Stjórnartillaga.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum hefur borist umsagnarbeiðni nr. 12595 frá fjárlaganefnd vegna tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Eftir að hafa lesið skjalið, einkum blaðsíður 146-147, og umsögn Dómsmálaráðuneytisins (DMR), dags. 3. maí 2024, telur Lögreglustjórnin á Suðurnesjum (LSS) ástæðu til að senda inn umsögn. LSS hefur á undanförunum mánuðum sent DMR nokkur minnisblöð þar sem bent hefur verið á ýmis atriði er varða aðstöðu (leysi) og starfsemina og þykir viðeigandi að upplýsa fjárlaganefnd um helstu atriði.

1. Lögreglan á Suðurnesjum.

a. Starfsemin.

Í dag starfa 212 manns hjá embættinu í ýmsum störfum. Þar af hafa 79 starfsmenn lokið viðurkenndri lögreglumenntun. Þá starfa hjá embættinu 40 lögreglumenn sem ekki hafa lokið lögreglunámi. Landamæraverðir eru 72, aðstoðarsaksóknarar 4 og aðrir borgaralegir starfsmenn eru 17. Skipting milli deilda er eftirfarandi: Flugstöðvardeild: 104, almenn deild (útkallslið lögreglu): 63, rannsóknardeild: 28, lögfræðisvið: 5, skrifstofa: 12.

Áhyggjuefni er hátt hlutfall lögreglumanna sem ekki hafa lokið lögreglunámi og staðfestir erfiða stöðu lögregluliða bæði hér á Suðurnesjum og eins hjá öðrum lögregluembættum. Hér hefur lögreglumönnum fækkað um 7% frá 1. desember 2023. Þannig hafa lögreglumenn sem hér störfuðu hafið störf hjá Ríkislögreglustjóra (RLS) og Lögreglustjóranum á höfuborgarsvæðinu (LRH). Þeir sem hér störfuðu hafa m.a. gefið þær skýringar á vistaskiptum að þeir búi á höfuðborgarsvæðinu og því kostnaðarsamt að sækja vinnu til Reykjanesbæjar, starfhæfar lögreglustöðvar séu ekki til staðar og langvarandi verkefni tengd jarðhræringum á Suðurnesjum séu þreytandi til lengdar og ekki aðlaðandi fyrir lögreglumenn. Dylst engum að stöðug verkefni í almannavarnaástandi yfir mörg ár reynast erfið og yfirseta fanga í fangahúsi og óaðlaðandi verkefni eins og að skilja fíkniefna frá saur burðardýra þykja ekki eftirsóknarverð. Varðandi húsnæðismál og starfsaðstöðu vísast til liðar 1.c. Fjallað er um samkeppni embættisins um starfsfólk við önnur lögregluembætti í lið 1.h.

b. Sérstaða – verkefni.

LSS er um margt sérstakt embætti vegna landamæraeftirlits, þekkingar og eftirlits með ferðamönnum og tengdri starfsemi. Verkefnin eru fjölbreytt en helstu forgangsmál eru landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli (FLE) (Schengen, hvort skilyrði komu séu uppfyllt, skráning umsækjenda um alþjóðlega vernd, mansal/smygl á fólki, eftirlit með vígamönnum og skjalabrot tengd landamærum og ferðaskilríkjum), skipulögð brotastarfsemi (svikastarfsemi tengd alþjóðaflugvellinum, mansal/smygl á fólki, vændi, skjalafals og misnotkun skjala og innflutningur fíkniefna), kynferðisbrot, ofbeldisbrot og heimilisofbeldi svo eitthvað sé nefnt. Þá er rík áhersla lögð á öryggisverkefni á Keflavíkurflugvelli svo sem stýringu aðgerða vegna ýmissa flugatvika sem og sú staðreynd að stjórnun aðgerða í almannavarnaástandi í umdæminu er lögum samkvæmt á ábyrgð lögreglustjóra.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

c. Húsnæðismál.

i. Fjármálaáætlun 2024-2028 og 2025-2029.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, þingskjal nr. 1398, er vikið að því að taka þurfi húsnæði lögreglu á landsbyggðinni til nánari skoðunar og meta þörf á endurbótum, m.a. mögulegri uppbyggingu lögreglustöðvar í Reykjanesbæ. Í fjármálaáætlun 2025-2029 er í engu getið um húsnæðismál LSS.

ii. Staða húsnæðismála 15. maí 2024.

Staða húsnæðismála hjá embættinu er afleit. Fram til haustsins 2023 fór starfsemi embættisins að verulegu leyti fram á þremur stöðum, á Brekkustíg í Reykjanesbæ (m.a. skrifstofa lögreglustjóra, rannsóknardeild og lögfræðisvið), í Flugstöð Leifs Eiríkssonar/FLE (flugstöðvardeild) og á Hringbraut í Reykjanesbæ (almenn deild lögreglu). Þann 16. október 2023 kom sú staða upp að rýma þurfti lögreglustöðina á Hringbraut vegna myglu- og rakaskemmda, að undanskildum fangagangi, þar sem fangaklefar eru. Þá þurfti ISAVIA að loka þriðju hæð í FLE, þar sem LSS hafði bráðabirgðaaðstöðu til að taka á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd. Þann 4. janúar 2024 var lögreglustöðinni í Grindavík jafnframt lokað vegna myglu- og rakaskemmda. Það húsnæði verður ekki tekið í notkun aftur af lögreglu. Útkallslið lögreglu er nú í skrifstofuhúsnæði að Brekkustíg sem hentar ekki slíkri starfsemi. Staðan í húsnæðismálum er erfið og þarfnast úrbóta. Núverandi staða er með engu móti ásættanleg, bæði hvað varðar aðstöðu og vinnuaðstæður starfsmanna, persónuverndarsjónarmið og öryggi enda starfa dag hvern um 80-100 manns í rými sem ætlað er fyrir um 40 starfsmenn. Viðbragðstími lögreglu hefur lengst, allar lögreglubifreiðar eru geymdar utan dyra án þess að vera varðar eða girtar af og því auðvelt að skemma þær standi vilji til þess (líkt og gerst hefur). Þá er aðgengi og viðbragð til forgangsaksturs verulega ábótavant. Aðstæður til vörslu og eftirlits með föngum og aðstæður fanga eru ekki til fyrirmyndar. Klefarnir eru sjö talsins en einn þeirra er sérútbúinn fyrir fanga sem hafa fíkniefni innvortis. Sá eini hér á landi.

Ítrekað hefur verið kallað eftir vistunarúrræði á eða við landamærin á Keflavíkurflugvelli þar sem útflendingar dveljast sem uppfylla ekki skilyrði fyrir komu til landsins eða til skoðunar er hvort útflendingur uppfylli skilyrði fyrir komu til landsins. Vísast að öðru leyti til liðar 2, hér á eftir, um landamæri Íslands, Keflavíkurflugvöll.

iii. Um bráðabirgðalausn á húsnæðimálum.

Nú, rétt um sjö mánuðum eftir að lögreglustöðinni á Hringbraut var lokað, er enn óstarfhæft í húsinu. Samkvæmt stöðumati Framkvæmdasýslu ríkisins er búið að fjarlægja allar skemmdar klæðningar og einangrun og mun vinna við hönnun ljúka í næstu viku og framkvæmdir hefjast að öllu óbreyttu um mánaðamótin maí/júní en áætlað er að framkvæmdir taki um 5-7 vikur og verði lokið um miðjan júlí 2024. Vegna ástands húsnæðisins þarf einnig að setja upp gámahús fyrir starfsemina. Hönnun aðaluppdráttar er lokið að mestu og er unnið að umsókn byggingarleyfis. Að óbreyttu verða gámar tilbúnir til notkunar og afhendingar í janúar 2025. Að mati LSS er áréttað að núverandi staða í húsnæðismálum embættisins er með öllu óásættanlegt, hvort heldur sem er fyrir starfsmenn og starfsemina eða þá sem sækja þurfa þjónustu hjá embættinu. Af hálfu LSS er gerð krafa um að ljúka megi verkefninu í október á þessu ári.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

iv. Framtíðarhúsnæðismál.


Húsnæðismál embættisins hafa lengi verið í umræðunni. Í nóvember 2016 tók Framkvæmdasýsla ríkisins til skoðunar húsnæðismálin og gerði ítarlega þarfagreiningu og húsrýmisáætlun með tillögu um að koma starfseminni í eitt hús, að undanskilinni starfstöð lögreglu í FLE. Þessar tillögur komu ekki til framkvæmda.

Farið var í breytingar á leiguhúsnæði LSS á Brekkustíg árið 2019 og aðstaðan þar tekin í gegn en fleira var ekki gert og þannig standa mál í dag.

Þann 6. febrúar 2024 var lögreglustjóranum á Suðurnesjum tilkynnt að DMR hefði farið þess á leit við Framkvæmdasýsluna-Ríkiseignir (FSRE) að þarfagreining yrði sett í forgang fyrir starfsemi LSS, þannig að niðurstaða gæti legið fyrir ekki seinna en með haustinu 2024 og í framhaldi af því væri hægt að óska eftir tilboðum í nýjan húsakost fyrir LSS. Hvar það verkefni er statt liggja ekki fyrir upplýsingar á þessari stundu. Skilningur er á málinu bæði hjá DMR og FSRE.

d. Farþegafjöldi um FLE og ferðamenn.

Spár gera ráð fyrir því að um 8,5 milljónir farþega fari um Keflavíkurflugvöll í ár. Þannig stefnir í að árið verði, hvað fjölda farþega varðar, eitt stærsta árið í sögu vallarins og að fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja okkur heim verði fleiri en áður. Um eða yfir 95% þeirra sem koma til Íslands fara um Keflavíkurflugvöll. LSS sinnir landamæraeftirliti og landamæragæslu í FLE.



e. Íbúar í umdæminu.

Hlutfallsleg fólksfjölgun var mest á Suðurnesjum og Suðurlandi skv. mannfjöldatali Hagstofu Íslands frá janúar 2023 til janúar 2024, eða 4,1%. Þá er í Keflavík og Njarðvík næst fjölmennasta þéttbýlið á landinu á eftir Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hlutfallslega flestir erlendir ríkisborgarar búa á Suðurnesjum, eða 26,8% af heildarmannfjölda svæðisins.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

f. Almennavarnir í umdæminu.

Jarðhræingar og eldgos á Reykjaneskaga hafa sett mark sitt á starfsemi og starfsmenn LSS undanfarin ár en nokkur fjöldi starfsmanna var búsettur í Grindavík. Margar áskoranir erum samfara þessu ástandi.

g. Samkeppnishæfni.

Í dag eru lögreglumenn í útkallsliði lögreglu á hálfgerðum vegangi. Þeim hefur verið komið fyrir innan um aðra starfsmenn á Brekkustíg, húsnæði sem hentar ekki starfsemi útkallsliðs lögreglu. Fáheyrnt er að svo fjölmennit lögreglulið þurfi að búa við svo slæmar aðstæður til svo langs tíma en samkvæmt áætlun FSRE er gert ráð fyrir að gámar við Hringbraut verði ekki tilbúin fyrr en í janúar á næsta ári. Aðstöðuleysi hefur með beinum hætti áhrif á 63 lögreglumenn. Það að hrúga sama fjölda inn í aðstöðu sem hugsuð er fyrir allt aðra starfsemi hefur og áhrif á þá sem starfa þar að staðaldri. Vegna alvarlegrar stöðu í húsnæðismálum gætir neikvæðra áhrifa á samtals 108 starfsmenn. Aðrir starfsmenn verða jafnframt fyrir neikvæðum áhrifum við þessar aðstæður á fjölmönnum vinnustað. Erfiðlega gengur að fá menntaða lögreglumenn til starfa í útkallsliði lögreglu við núverandi aðstæður. Aðrir hugsa sér til hreyfings og þá helst þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og bera kostnað af ferðum til og frá vinnu. Í dag eiga 47 starfsmenn LSS lögheimili utan lögregluumdæmisins. Ferðir til og frá vinnu teljast ekki til vinnutíma.

Við núverandi aðstæður er LSS ekki samkeppnishæft við RLS og LRH. Um langt árabíl hafa stofnanir og fyrirtæki á Suðurnesjum þurft að leita eftir vinnuafli utan Suðurnesja. Það er ekki að fara að breytast í því umhverfi sem lögreglan starfar í dag. Alvarleg staða í húsnæðismálum hefur hér mjög neikvæð áhrif við óbreytt ástand. Það eitt og sér skerðir samkeppnisstöðu LSS. Tryggja þarf að LSS sé samkeppnishæft við önnur lögregluembætti á suðvesturhorni landsins sem í dag má heita sama atvinnu- og brotasvæðið. Tryggja þarf að til LSS komi til starfa vel menntað og hæft fólk svo halda megi áfram að efla það ágæta starf sem hér er unnið.

2. Landamæri Íslands – Keflavíkurflugvöllur.

a. Stefna.

Ekkert er minnst á loftlandamæri Íslands í FLE í fjármálaáætlun fyrir árið 2025-2029. Í fjármálaáætlun fyrir árið 2024-2028 er tekið fram að árið 2022 hafi farið fram úttekt á framkvæmd íslenskra stjórnvalda á öllum sviðum Schengen-samstarfsins. Niðurstaða hennar hafi verið að alvarlega annmarka mátti greina á sviði lögreglusamvinnu auk þess sem annmarka var að finna á landamæravörslu og samræmdri stjórn landamæramálefna. Þá er þess getið að á tímabilinu verði unnið samkvæmt aðgerðaáætlun til að bæta úr þessum annmörkum og að áfram verði unnið að innleiðingu ýmissa upplýsingakerfa á vegum Schengen-samstarfsins, m.a. í tengslum við komur og brottfarir inn á Schengensvæðið og upplýsingakerfi um heimild til ferðar (ETIAS). Í áherslum DMR, dags. 3. maí 2024, í kynningu í fjárlaganefnd var hvergi getið um FLE eða loftlandamæri almennt heldur sérstaklega vikið að styrkingu sjólandamæra og það þrátt fyrir að um eða yfir 95% allra farþega til og frá landinu fari í gegnum FLE.

Frá haustinu 2020 hefur LSS lagt ríka áhersla á landamæraeftirlit samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 (útl.) og lögum um landamæri nr. 136/2022 (llm.), gæði þess, bættu þekkingu og að efla eftirlit á ytri sem innri landamærum á Keflavíkurflugvelli. Hefur árangur framangreindra áherslna og breytinga sem ráðist var í hjá LSS verið góður sem endurspeglast í allri tölfærði hjá embættinu en samhliða þeim árangri hefur álag á starfsmenn farið vaxandi. Mál er varða frávisanir útlendinga sem koma til landsins og uppfylla ekki skilyrði komu sbr. (94. og einkum 106. gr. útl.) hafa aldrei verið fleiri en á



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

síðasta ári. Þá hefur verið borið kennsl á sögulega mörg mál sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi, hvort heldur er innflutning fíkniefna, peningabætti, ætlað mansal og annars konar brot. Við hina auknu þekkingu og vinnslu mála, sbr. framangreint hefur einstök sérhæfing og reynsla orðið til hjá LSS. Á grundvelli hennar hefur LSS sett fram stefnu og mælikvarða fyrir starfsemina og deilt með forsætis- og dómsmálaráðherra.



- b. **Þekking og þjálfun.**
Að mati LSS skiptir miklu varðandi löggæslu á landamærum að góð þekking og þjálfun starfsmanna sé til staðar auk nauðsynlegs búnaðar til landamæraeftirlits og gæslu. Þá þarf mönnum í flugstöðvardeild að vera fullnægjandi á hverjum tíma.
- c. **Samræming og samþætting.**
Nauðsynlegt er að horft sé á málaflokk landamæra sem eina heild, allt frá innflæði til fráflæðis og gerður sé greinarmunur á tegundum mála, ferlum og vinnslu. Þannig verði horfið frá því að líta á málaflokka í tengslum við landamæri sem átaks verkefni og gerð verði raunhæf áætlun tengd landamærum til 10 ára í senn. Þá verði að horfa sérstaklega til þess að bæta allt kerfið í stað þess að bæta í einstaka hluta, s.s. fráflæði, því nauðsynlegt sé að horfa til innflæðis á sama tíma.
- d. **Aðstaða og úrræði á landamærum.**
 - i. **Greiningarmiðstöð á landamærum.**
Að mati LSS er nauðsynlegt að setja á fót greiningarmiðstöð á landamærum þar sem aðkoma hagsmunaaðila verði tryggð, s.s. Útlendingastofnunar, viðeigandi deilda RLS og eftir atvikum annarra. Þá sé nauðsynlegt að tryggja, líkt og að framan er rakið vistunarráði á landamærum, sem uppfylla skilyrði Schengen-samstarfsins og OPCAT-nefndarinnar og horfið verði frá því að nýta fangelsi þegar aðilar uppfylla ekki skilyrði komu til landsins, nema vitaskuld þegar öryggi og hætta liggur við. Á þetta hefur ítrekað verið bent af hálfu LSS, sem og Fangelsismálastofnunar, en núverandi fyrirkomulag hefur gert það að verkum að vísa hefur þurft brotamönnum frá sem mættir eru til úttektar á fangelsisrefsingu. Sömuleiðis þarf að huga að kerfinu sem einni heild, þ.e. fullnustukerfi refsinga, löggæslu og landamæraeftirlits. Hægt verði að færa til úrræði, mannskap og



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200


mannafla tímabundið á milli embætta og kerfa, t.d. á eða við landamærastöð þegar nauðsynlegt er, jafnvel um nokkurra mánaða skeið.

LSS leggur ríka áherslu á að gæta hagsmuna þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu og að vernd þolenda afbrota, verði tryggð. Við núverandi aðstæður fer fram takmörkuð greining á aðstæðum fólks, t.d. þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd, oft í nokkra eða marga daga eða þeim mun lengur og er öllum vísað á einn stað, í leigubifreiðum, í Domus í Reykjavík. Leggja þarf áherslu á öryggissjónarmið, þ.e. að öryggi á og við landamæri sé eftt og tryggt m.a. með eflingu og styrkingu á greiningavinnu á landamærum m.a. með samlegðaráhrifum og frekara samstarfi löggæslu og tollgæslu í FLE. Að greining fari fram á umsækjendum um vernd, hvort þeir kunni að vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu, hættulegir o.s.frv., greining á ferðaleiðum fari fram og að kennsl verði borin á einstaklinga ef nægar upplýsingar liggja ekki fyrir og útlendingar eru skilríkjalausir.

ii. Frávísanir og brottvísanir.

Frávísunum og brottvísunum á landamærum hefur fjölgað verulega samhliða aukinni þekkingu, færni og áherslum við landamæraeftirlit hjá LSS. Er um að ræða útlendinga sem uppfylla ekki skilyrði komu til landsins á grundvelli 106. og 94. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, aðallega á grundvelli tilgangs komu, ónógra fjármuna og tengsla við ætlaða skipulagða brotastarfsemi og röskun á allsherjarreglu. Árið 2023 var metár hvað varðar fjölda frávísana frá landinu á Keflavíkurflugvelli. Ljóst er að frávísanir verða fleiri í ár.

Fjöldi mála - Ár



e. Skipulögð brotastarfsemi.

Líkt og getið er um í fjármálaáætlun 2024-2028 var lögð áhersla á aukið samstarf innan lögreglu í baráttunni gegn mansali og skipulagðri brotastarfsemi. Þá voru á árinu 2023 samþykktar varanlegar fjárheimildir til að efla viðbragð lögreglu og ákærvalds gegn skipulagðri brotastarfsemi. Var um að ræða 20 stöðugildi og féllu eingöngu 2 þeirra í hlut LSS en ekki hefur tekist að ráða í þessar stöður þar sem enginn lögreglumaður sótti um stöðurnar. DMR hefur veitt heimild til að ráða aðra en menntaða lögreglumenn í þessi störf.

Ekki verður dregið í efa mikilvægi löggæslu á Keflavíkurflugvelli í baráttunni við skipulagða brotastarfsemi. Árið 2023 var metár í haldlagningu fíkniefna á landamærum. Lagt var hald á um 114 kg af kannabisefnum, um 39 kg af kókaíni, 600 g



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

af ketamíni og 10.000 stk. af ávana-og fíknilyfjum. Það sem af er árinu 2024 hefur LSS og tollgæsla, á landamærum, haldlagt um 90 kg af kannabisefnum, 15 kg af kókaíni, tæplega 3 kg af ketamíni og 23.000 stk. af ávana- og fíknilyfjum. Þá hafa LSS og tollgæsla, á landamærum í FLE, á sl. 2 árum, haldlagt um 200 milljónir í reiðufé, ætlað peningþvætti, í fjölmörgum málum. Um 10 málum er lokið fyrir dómi með skilorðsbundinni fangelsisrefsingu og haldlagningu fjármunanna, önnur eru í dómsmeðferð og enn önnur í rannsókn.

Samkvæmt tölfræði Fangelsismálastofnunar sættu 241 aðili gæsluvarðhaldi á árinu 2023. Af þeim voru 132 á vegum LSS. Embætti LSS og LRH voru, skv. tölfræði frá dómstólasýslunni, í fyrirsvari í um 82% allra rannsóknarkrafna (R-mála) fyrir dómstólum árið 2023. LRH með ca. 49% (853) og LSS með um 33% (575). Vegna umfangs rannsókna sem tengjast landamærunum og skipulagðri brotastarfsemi í gegnum FLE eru gæsluvarðhaldskröfur og gæsluvarðhöld hins vegar umtalsvert fleiri hjá LSS en LRH. Á árinu 2023 fór LSS með 324 kröfur um gæsluvarðhald og LRH 226. Á landinu öllu var óskað eftir gæsluvarðhaldi í 747 skipti árið 2023 og fór LSS því með um 43 % allra gæsluvarðhaldskrafna fyrir dómi. Á hverjum degi ársins 2023 sátu að meðaltali 12 manns í gæsluvarðhaldi á vegum LSS. Það sem af er árinu 2024 eru aðilarnir jafn margir að meðaltali, eða 12 manns hvern einasta dag.

Á grundvelli reynslu og þekkingar hefur LSS miklar áhyggjur af þróun mála hvað varðar skipulagða brotastarfsemi hér á landi og af ferðum brotamanna um landamærin í FLE. Má gera ráð fyrir að eins hátti til um önnur landamæri landsins. Einkenni brotahópa sem hingað leita er að þeir aðlaga sig hratt að breyttum aðstæðum og afskiptum, sem og aðferðum lögreglu og tollgæslu. Þá er það að mati LSS áhyggjuefni að svo virðist sem aldur aðila brotahópanna fari lækkandi og hagnýting brotahópa á fólki í viðkvæmri stöðu færist í vöxt. Virðast brotahóparnir full meðvitaðir um veikleika hér á landi, hvort heldur er í kerfi og/eða í löggjöf. Að mati LSS er brýnt að auka áhættugreiningar á landamærum í því skyni að koma í veg fyrir frekari brotastarfsemi inn í landinu auk þess sem öðrum afbrotavörnum sé við haldið, s.s. með beitingum frávíšana- og e.a. brottvísunum. Unnið er gegn skipulagðri brotastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, FLE. Stjórnvöldum er kunnugt um afstöðu LSS og mikilvægi þess að haldið sé uppi öflugri löggæslu og tollgæslu á helsta alþjóðaflugvelli landsins.

3. Um fjármálaáætlun 2025-2029 og áherslur.

a. Fjármögnun.

Með hliðsjón af fjármálaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2025-2029 eru lagðar fram neðangeindar tillögur til úrbóta:

- i. Að úr húsnæðismálum LSS verði bætt, hvort heldur er til skemmri eða lengri tíma, sem og vistunarræði á landamærum og fjármálaáætlun beri þess glögg merki.
- ii. Í því skyni að stuðla að og tryggja að unnt verði að halda úti sömu starfsemi, eftirliti og gæðum á ytri og innri landamærum Íslands í FLE verði, í fjármálaáætlun litið til loftlandamæra og starfsemi LSS eflað sem hér segir:
 1. Að bætt verði við einu stöðugildi lögfræðings með það að markmiði að tryggja veru lögfræðings í FLE á dagvinnutíma og efla lögfræðisviðið, sérstaklega vegna áherslu á málefni landamæra og aukins álags.
 2. Með ráðningu sérfræðings í stoðþjónustu við FLE sem myndi einkum annast að tryggja mönnun landamæra og vaktasmíði fyrir starfsmenn embættisins í FLE.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

3. Með tveimur stöðugildum verkefnastjóra sem myndu annast umsýslu og verkefnastjórn í FLE og tryggja framgang mála, framsendingar og dagleg verkefni milli vakta, s.s. frávisanir, brottvísanir o.fl.
4. Að ráðnir verði til LSS fangaverðir til að annast fangavörslu í fangahúsi, yfirsetu yfir þeim sem flytja inn fíkniefni innvortis og flutning til og frá dómi vegna gæsluvarðhalds (e.a. í fylgd lögreglumanns). Er þetta liður sem að mati LSS er nauðsyn að finna flöt á til að styrkja skilvirkni og bæta löggæslu en iðulega kemur fyrir að margir lögreglumenn, í einu, eru bundnir við yfirsetu yfir föngum í fangahúsi sem eru að skila af sér fíkniefnum. Er oft um að ræða yfirsetu í marga daga og jafnvel viku/r.
5. Þá telur LSS nauðsynlegt að bæta við landamæravörðum á 1. stigi og landamæravörðum á 2. stigi sem eru sérhæfðari og með meiri þekkingu.
6. Hér er lögð fram tillaga að fjölgun stöðugilda hjá LSS, sbr. allt framangreint, og sá kostnaður sem LSS telur að það muni kosta ríkið.

Starfsheiti / Hlutverk	Heildarlaun	Fjöldi	Samtals
Lögfræðingur	22.895.560	1	22.895.560
Sérfræðingur/rannsóknarlögreglumaður			
Vaktasmiður og mönnun	12.511.511	1	12.511.511
Verkefnastjóri	12.511.511	2	25.023.022
Fangavörður	10.817.519	10	108.175.190
Landamæravörður	10.817.519	14	151.445.266
Landamæravörður 2. stigs	14.549.642	8	116.397.138

Samtals: 436.447.687

Virðingarfyllst,

Úlfar Lúðvíksson,
lögreglustjóri.

